

Unnið er með gögn úr skýrsluhaldi sauðfjár frá 1.200 búum fyrir árin 2014-2016. Fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir meðalafurðum síðustu 3ja ára og afurðaverð lækkað um 35% samkvæmt verkbeiðni frá LS. Reiknað er með heildargreiðslumarki hvers árs að frádrægni áætluðu óvirku greiðslumarki ársins. Ekki er unnið með gögn frá búum með færri en 50 vetrarfóðraðar kindur.

Hér er unnið út frá þeirri aðferðafræði að deila tekjum og gjöldum á vetrarfóðraða kind. Reiknaðar eru áætlaðar heildartekjur af innleggi, beingreiðslum og álagsgreiðslum, en ekki er reiknað með svæðisbundnum stuðningi. Afurðatekjur eru reiknaðar út frá skýrsluhaldsgögnum.

Rekstrarkostnaður er fenginn úr meðaltölum raungagna 44 búa fyrir árin 2014 og 2015 hjá þeim búum sem tóku þátt í búrekstartengdu átaksverkefni RML veturinn 2016-2017. Til hliðsjónar voru notuð gögn fyrir árið 2016 frá þeim búum þar sem þau eru aðgengileg. Horft var til þekktra verðlagsbreytinga ársins 2017 við mat á einstaka kostnaðarliðum yfirstandandi árs. Launaliður ársins 2017 er hækkaður til samræmis við m.a. hækkun launatengdra gjalda.

Allar tölur eru í kr/kind

	2014	2015	2016	2017
Áætlaðar heildartekjur	20.800	20.300	20.750	16.220
Þar af áætlað innleggsverð	11.850	11.430	11.400	7.120
Áætlað innlegg kg/kind	20,3	19,5	21,1	20,3
Aðkeypt fóður	600	750	600	600
Áburður og sáðvörur	4.250	4.000	4.000	3.700
Rekstur búvéla	2.700	2.550	2.550	2.500
Rekstrarvörur	2.400	1.900	1.900	1.800
Ýmis aðkeypt þjónusta	2.500	2.500	2.550	2.600
Framlegð	8.350	8.600	9.150	5.020
Viðhald fasteigna	1.370	1.370	1.370	1.370
Annar fastur kostnaður	1.100	1.100	1.100	1.100
Laun og launatengd gjöld	5.500	5.500	5.500	5.800
EBITDA	380	630	1.180	-3.250

Hér er eingöngu unnið með tekjur og gjöld tengd sauðfjárrækt þar sem gögn fyrir aðra rekstrarþætti eru ekki aðgengileg.

Fjöldi sauðfjársjúklinga hagar rekstri sínum þannig að samið er um gjalddaga að hausti á stærstu kostnaðarliðum, svo sem áburði, plasti og jafnvel afborgunum lána. Hefði þessi tekjuskerðing verið fyrirséð um síðustu áramót hefðu bændur hagað rekstri sínum með öðrum hætti.

Verði af boðaðri lækkun afurðaverðs og/eða verulegri seinkun á greiðslum fyrir afurðir er ljóst að greiðslugeta sauðfjársjúklinga skerðist verulega og tæpast verður séð að skuldsettu búin nái að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum.

Ljóst er að miklu ræður í afkomu sauðfjársjúklinga hvort þau hafa greiðslumark eða ekki.



